

Reglur um akstur foreldra í dreifbýli vegna þátttöku barna þeirra í íþróttá- og tómstundastarfi fjarri heimili

Reglum þessum er ætlað að koma til móts við foreldra sem þurfa að aka börnum sínum langan veg í íþróttir og aðrar tómstundir. Um leið ættu þær að verða foreldrum hvatning til að nýta það tómstundastarf sem í boði er fyrir börnin sín og um leið að draga úr þeim mismun sem búseta langt frá þjónustu getur haft í för með sér.

Sveitarfélagið greiðir foreldrum styrk vegna aksturs með börn sem stunda íþróttá- og tómstundastarf fjarri heimili sínu samkvæmt eftirfarandi:

- Styrkurinn miðast við börn og ungmenni í dreifbýli á aldrinum 6 - 18 ára sem búsett eru og eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Börn sem komin eru af grunnskólaaldri þurfa að hafa fasta búsetu á lögheimili sínu í dreifbýli.
- Þeir sem þurfa að aka meira en 15 kílómetra, aðra leið, frá heimili eiga rétt á styrk.
- Styrkupp hæð á ári: Þeir sem búa í 15 – 35 km fjarlægð frá æfingastað fá greiddar krónur 30.000.- með hverju barni. Þeir sem búa í 35 – 55 km fjarlægð frá æfingastað fá greiddar krónur 50.000.- með hverju barni. Þeir sem búa í meira en 55 km fjarlægð frá æfingastað fá greiddar krónur 70.000.- með hverju barni.
- Styrkurinn er greiddur tvisvar á ári, 50% af heildarupp hæð í hvort skipti og tengist hann greiðslu tómstundakorts. Sótt skal um styrkinn á þar til gerðu eyðublaði.
- Styrkurinn miðast við það að æfingar/ástundun sé 8 mánuði eða lengur á ári. Sé æfingatíminn skemmri greiðist styrkurinn sem hlutfall af þeim tíma, x/8.

Samþykkt í skóla-, íþróttá- og tómstundanevnd Hornafjarðar 16. febrúar 2011.

Samþykkt í bæjarráði Hornafjarðar 29. ágúst 2011.